

**Námsáætlun fyrir tölvur - 9. bekkur
skólaárið 2020-2021**



Kennari: Sara Ross Bjarnadóttir
Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> • Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar. • Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt. • Beitt réttri fingrasetningu. • Unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum. • Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu. 	<p>Nemendur fá kennslu í vélritun og vinna að því að ná viðmiðun í vélritunarhraða.</p> <p>Nemendur læra að umgangast búnað með umsjón kennara. Nemendur læra að nýta sér ýmis forrit til að leysa verkefni.</p>	<p>Verkefni Munnleg könnun Hópverkefni</p>
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<ul style="list-style-type: none"> • Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit. • Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum. • Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning • Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. • Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með 	<p>Nemendur læra á Microsoft Office til að nýta sér við verkefnavinnu og ritsmíðar. Nemendur læra uppsetningu á heimildarskrám. Nemendur læra skoða heimildir og upplýsingar með gagnrýnu hugarfari.</p>	<p>Verkefni</p>

	<p>tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.</p> <ul style="list-style-type: none"> Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum. 		
Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna. Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda. Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar. 	Nemendur læra á ýmis forrit til að nýta sér við verkefnavinnu. Microsoft Office. Myndvinnsluforrit. Nemendur nota open source hugbúnað til að útbúa einfaldar heimasíður.	Verkefni
Sköpun og miðlun	<ul style="list-style-type: none"> Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu. Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt. 	Nemendur nýta ýmis forrit til að leysa verkefni.	Verkefni Munnleg könnun
Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none"> Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu. Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð. 	Nemendur fræðast um ábyrga tölvunotkun, meðferð upplýsinga og friðhelgi einkalífssins.	Munnleg könnun

Námsgögn:

Nemendur frá námsgögn frá kennara.

Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.

Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.